[illegible]. JÓNSSON:

Um Birkiskóga Vidurhald.

Höf.

[illegible]

Sjá Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1958, bls. 82–90

eina eintak [illegible]

Ritgiörd

um

Birkiskóga Vidurhald, Sáníngu og Plöntun á Islandi,

samin til géfins útbýtíngar samastadar.

Landsbókasafn.

Kaupmannahöfn, 1827.

Prentud hjá Dírektör *Jens Hostrup Schultz*,
Konúnglegum og Háskólans Bókþrykkjara.

Medal þeirra heldstu giæda lands vors, er fyrrum príddu þad, og stodudu hag innbyggjará þess, má med rettu telia Birkiskógana. Fornsögur vorar lýsa því, hvörsu ad margar sveitir, og jafnvel heil héröd vóru þá sett blómlegum skógum og satt er þad, ad þeir verid hafi til stórra nytia. Af þeim feingust kol, raptar, tród, elldividur, litunar- og börkunar-efni; í þeim féckst líka hentugt skiól, og hagbeit fyrir ymissann búfénad. En — hvar eru nú skógar þessir? naumast annad lifir þeirra, en minníngin ein. Nockrir þeirra eru af alldri fallnir, nockra hafa snióþýngsli brotid og nockra hafa jardeldar, jöklahlaup, skriduföll og vatnságángur í eydi lagt. Þaradauki mun ej ofmælt, ad nockrir þeirra séu af mannavöldum fargadir, med ymissu moti, sumir af ábatagyrni eigenda og umrádenda, sem látid hafa giörhöggvast skóga sína, til ad ná um stundar-sakir sem mestu ändvyrdi; sumir af fávitsku og óframsýni, þared ej hefir verid vandad um, hvörnig skógurinn felldist, helldur jafnt vered höggid úngt sem gamalt, stofnarnir, sem eptir stódu,

klofnir, fauskar ej upprættir, heilar eydur gjördar í skóginn, án þess ad nockrar fræberandi hríslur hafi eptirstadid, þad afhöggna lim látid eptirliggia híngad og þángad yfir þeim stofnudu rótum, og saudfé einkum haldid á skóga, hvar þessir eru, enn þótt þad afnagi og mjög svo skémmi þad únga og uppvaxandi tré. En óród slíkt ætti ej leingur ad standa, því ef svo er framhaldid, sem lengi hefur vidgengist, gétur þaraf flotid giöreydsla allra landsins skóga, hvörrar ej heldur mun lángt ad bída, sé ei vidspornad í tíma.

A vanqvædi þessi hafa vorir gódu Landsfedur, Dana Konúngar og þeirra Stiórnarrád, optliga litid, og í því skyni áminnt um og skipad, ad hlífa skyldi skógarleifum þeim, er enn nú finnast hér og hvar á landinu, svo eigi eydilegdust þær ad öllu; enn — þesssum advörunum hefir, því midur, ei sú hlídni sýnd vered, sem vera átti, hvarum skóganna núverandi ástand og útlit bera hid liósasta vitni.

Hid Konúnglega Rentukammer hefir þessvegna à ný endurnýad þessar advaranir, og med bréfi til Amtmanna, af 30ta Septbr. 1825, samqvæmt Konúngligum úrskurdi, af 6ta Augusti s. a., skipad: ad láta alvarliga og opinbera advörun og bodord útgánga, móti skad-

ligri medferd og brúkún skóganna, einkum a Konúnglígu og ödru opinberu gótsi, hér á landi. Þaradauki hefir háttnefnt Stjórnarrád ályktad ad birkifræ skuli til Landsins' sendast, sem og ad ritlíngur giörast skuli, um birkiskóganna medhöndlun og ræktun, hvörutveggia í þeim tilgángi, ad þeir núverandi skógar giætu sparast, og nýir þaradauki sádst og uppvaxíd.

Þenna ritlíng þykir skipulegast fara ad nidurrada í þessar þrjár greinir, nefniliga:

1) Um skóganna nytsemi. 2) á hvörn veg þeir núverandi skógar, med skynsemi brúkast ega. 3) um nýrra skóga sáníngu, plöntun, og adra medferd.

1ta Grein.

Um Birkiskóganna Nytsemi.

Fyrir utan prýdi þá og yndi, er birkiskógar veita jördum og ábúendum þeirra, géfa þeir af sér margskonar giædi og hagsældir. Þeir géfa nefnilega hentugt skiól og hæli ýmissum ödrum urtum, er ei annarstadar spretta, allrasíst med þeim vexti og gróda, og hvörra nytsemi þó er mörg, bædi til lækninga og til annara lífsins naudsynia. Til dæmis: öllum örtum vídirsins, reinir, bláberia — adalbláberia — hrútaberia — sortu-lingi, jardar-

berjum og einir, og skyldi útlendra triáplöntun edur sáning hér reynandi, ætti hún einkum i skógar-riódrum hér ad ské; sömuleidis mætti hér sá ýmsum útlendum og nytsömum urtum, sem vegna stormvinda lands vors ei á bersvædi stadist géta; í þeim spretta og þær kraptamestu fódururtir fyrir búfénad vorn, og siálfur er skógurinn hid besta hæli þeim sama, í hreggium og hardvidrum; birkibörkurinn er eitt hid kröptugasta læknismedal, móti mörgum siúkdómum, einkum þeim er koma af þverrun kraptanna, eins þad nafnfræga birkivatn; birkilaufin lita gult, med álúni sodin, einkum alla ullarvöru, enn börkurinn kaffebrúnt, hann er og hid besta börkunar-efni á allslags skinn og hamp, svosem færi og net; aska af birki géfur pottösku, og sveppar þeir er vaxa á birki, brendir til ösku, og askan tekin í nef, stemmir nasablód og blódrás úr sárum, sé henni í þau strád; vidurinn edur tréd sjálft géfur ágiæt kol, hentug til ljáadengslu og allskonar nettsmídis; þad géfur rapta og átród til húss-byggínga, samt efni í ýmissar nytsamlegar smídar, til búss-gagna og skipa útgjördar; af þeim mjóu greiuum birkisins mega körfur bregdast, og ad sídustu er tréd ágjætur eldividur, bætir smeck þess elldada matar og þess í reykin heingda kiöts.

I stuttu máli: skógar eru eganda, sem og hvörjum ödrum útifrá, einhvör hin mesta búsæld og til ómetandi nytsemis. þad er þessvegna óefandi, þó åstand skóga vorra nú sé aumt, svo muni þó árleg, jafnvel takmörkud og skynsamleg not þeirra ej vera missanlig, fyrir mikid andvyrdi, ef öll gjædi þeirra, sem vera ber, eru hagnýtt og réttilega metin.

2r Grein.

Um þeirra núverandi skóga skynsama brúkun.

Ádurenn med rökum sýnd verdur skynsamlig brukun skóganna, hlýtur at minnast á þetta tvennt:

1) hvörsu birkitréd æxlast edur ávaxtast; og

2) hvörsu gamalt þad verdur.

Hvad hinu fyrra vidvíkur, þá æxlast birketréd einkum, og af siálfs-dádum, med tvennu móti. þad sprettur nefnilega, sem fleyrstar adrar urtir, af fræi, og þad sprettur af þeim svokölludu rótarskotum. Birkid blómstrar á sumrum, setur fræ, sem fullkomid er i October mánudi, og sídan Feikist um kríng þad fræberandi tré, hvaraf nýar hríslur aptur spretta.

Birkitréd hefir þaradauki einsog augu edur bletti, à berki sínum; útúr augum þess-

um, er þéttust eru nidurvid og á rótinni sjálfri, spretta optlega ný tré; kallast þau, sem ádur er sagt, rótaskot. Um þetta gétur hvör skynsamur madur fullvissad sig, nær hann adgjætir eitt úngt tré, einkum hafi þad stofnad verid, því þar finnast margir ángar sprottnir útúr á allar sídur stofnsins, edur vid jördina. því ýngra tréd er, því fleyri rótarskot gétur þad géfid. Orsök til þessa er medal annars sú: ad því eldra tréd verdur, því þykkari og hardari verdur börkur þess, svo rótarskotin géta ej gégnum hann brotist.

Hvad áhrærir aldur birkisins, þá halda um slíka hluti fródir menn, ad þad vaxi til hins 50ta árs, og lifi yfer 100 ár; þó er ei ólíklegt ad landslag og vedúráttufar giöri hérà nockurn mismun, hvad ecki sídst mun ega heima à landi voru, hvar vedúráttan er hörd og vindasöm, og hvar birkid aldrej nær þeim vexti, sem í ödrum löndum. þá birkid er 20, 25 til 50 ára, er þad sæmilega stórt ordid, til gódrar kolgiördar, enn fullvaxid einkum til rapta.

Af ofantöldu flýtur þá þetta þrennt:

1) Allt til 50 ára gétur birkitréd géfid rótarskot, og er því óhæfa, ad uppræta þad. — þessvegna ætti allur skógur, sem nytiast frá 20 til 50 ára alldurs, ad

stofnast, svo hann géti vaxid aptur af rótarskotum sínum.

2) Sé skógurinn yfir 50 ára, mun best ad ræta hann; þó med þeirri varúd: ad ei séu upprættar þær fræberandi hríslur, og ei helldur svo giörhöggvid: ad ei standi hér og hvar hríslur eptir til skióls, bædi fyri úngvidi, og jardveg. þarhiá athugist: ad enkum ber ad uppræta þann fallna og fauskótta skóg, sem alls óþarfann til lengur óhögginn ad standa.

3) þegar sá úngi skógur er höggvinn edur stofnadur, hlýtur þetta med ýtrustu varúd ad ské. Stofninn skal nefnilega vera litid eitt ofan jardar og litid eitt skáhöggvinn; hann má med engu moti kliúfast, edur börkur hanns afrífast, því sídur rót hanns edur rótarángar skémmast.

Af ofantöldu, sé þad til samans borid, er þá audsært: ad allir fauskar og visnadar hríslur ega sumpart ad stofnast, sumpart upprætast, alt eptir því sem þær eru meir eda midur líklegar til ad bera fræ og gěfa rótarskot; ad enginn skógur skal í senn giörhöggvast, helldur nokkrar hríslur hér og hvar látnar eptirstanda, til skióls fyrir jardveg og

úngvidi. þó þolir regla þessi þá undantekníng, ad hvar skógur er giörfallinn í fauska og fúa, á hann ogsvo allur ad giörhöggvast. Ad endiugu ætti úngur skógur miög sparsamt ad höggvast, enn hvar naudsyn krefur brúkun hanns, á hann allur ad stofnast; væri samt best ad giöra þad med smáriódrum, svo rótarskot þau nýu hefdu nægjanlegt skiól.

þad er ei tilgángur ritlíngs þessa ad greina neitt um kolagiörd, edur rétta notkun þess höggna skógs, heldur einúngis, sem ofan er skéd, um skynsamlegt skógarhögg; þó bætist hérvid fylgjandi varúdarreglum: Aldrei ætti saudfé ad lídast í skógi til lengdar, allrasídst i þeim, er í vexti stendur, og hvörs limum saudurinn hægliga nær; saudfé nefnilega nagar og rífur þær úngu greinirog blómsturhnappa af, samt þau úngu rótarskot, hvad miög er skadligt; hinsvegar giörir saudfé miklu minni skada stórum og fullvöxnum skógi, því þar nær þad ei til limsins. Aldrei ætti þad afhöggna lim til lengdar ad liggja i skógum eda riódrum; þad er þar til engra nota, heldur feigir jardveginn um sinn, samt stendur á móti því, ad þad hvört haust affallandi fræ, géti nád jardvegnum; limid má og betur nota til ymissra hluta, i búskapnum; öldúngis ætti ad aftaka þann skadliga vana

sumra ad rífa hrís upp med höndum eintómum, því þarvid upprætist ecki einúngis sú upprifna hrísla, heldur ogsvo haggast um og slitna rætur þess eptirstandandi úngvidis, sem ei þykir nýtt til upptektar. Hvar skógur stendur í, eda nálægt mýrlendi, og hönum af því er búinn vatnsagi og fúi, væri víst naudsynlegt og gagnligt, ad grafa hér og hvar skurdi til vatnsafleidíngar. Loksins ættu menn, sem mest verdur, ad spara þær litlu leifar skóga sinna, og ad eins brúka þær til þeirra hluta, er ei, edur varla, má án vera.

3ia Grein.

Um nýrra skóga sáning, plöntun og adra medferd.

Þared skógar vorir eru svo miög til rírnunar géngnir er mesta naudsýn til — og ad líkindum ei ógiörligt — ad auka þá med sáníng og plöntun.

Vid athöfn þessa er enkum tvennt athugandi:

1) Hentugur stadur til sáníngar og plöntunar.
2) Sjálf sáníngar- og plöntunar-adferdin, àsamt umhyggiu fyrir þeim sprettandi skógi.

Hvad hid fyrra snertir, þá er ýmislegt þarvid adgjætandi, svosem: ad sá nýi skógur

hafi skiól; ad hann verjist fyrir peníngs átrodníngi; ad jardvegurinn sé moldar-gódur og nockud feitur; ad hann liggi móti sudri edur vestri; ad honum ei sé hætt vid vatnságángi og fjallskridum edur sandfoki. Þvílík stada skógarins ýyrdist líklegust: í skógarriódrum, gömlum hraunum, sunnan og vestan til í hallanda, ásum og holtum, aflídandi dölum er vita til fjalla og allstadar hvar gódur jardvegur er og engin ófantaldra hindrana.

Eitt hid mesta vandhæfi er, ad verja þann nýa skóg, fyrir peníngságángi, einkum saudfiár, enn er þó hærst naudsynligt. Þad skédur einkum med tvennu móti: med uppápössun og rekstri þadan, og med girdíngum. Allir vita, ad mjög sjaldan kémur peníngur þar, hvadan hönum ydugliga er halldid; þó kann þad ad ské, og er þá fliótur skadi búinn. Hlýtur því varhuga vid ad hafa, sem mestann verdur, ad þetta ei verdi; sumstadar er þad hægt, sumstadar nærstum ómögulegt, allt eptir stödu þess nýa skógar og peníngs mergd. Hvar nú slíkri vörnun ei verdur vidkomid, hlýtur ad umgyrda þann nýa skóg; er þad á mörgum stödum audveldt, enn hér og þar torveldt og kostnadarsamt; enn þar slík fyrirtæki eru landa og lída uppbyggíng, vill án efa hvör velþeinkjandi giöra sitt hid ýtrasta

hěrí, þared þad sumstadar er grundvöllur alls mögulegs skógar-auka.

Ad svo mæltu ber ad víkja málinu til sjálfrar sáníngarinnar og þarnærst til plöntunarinnar.

Þá búid er ad velja stad þann er birki skal í sást hlýtur ad róta jardveginum um. — Skédur þetta med tvennu móti: þarsem grassvördur er sterkur skédur þad med því ad pæla hann upp med pál edur járnspada; skal jardvegurin stúnginn i hnausa hérum fet á hvörn veg, grassvördur þeirra snúi nidur, og sé svoleidis heila plátsinu umvellt. — Verk þetta gjörist á vorum, svo snemma þela leysir úr jördu, og er því betra, sem dýpra er stúngid. Akur þessi, þannveg tilbúinn bídi haust-tímans. I skógarrjódrum, og hrauna-graslendi, er jardvegur almennt lausari og þar mundi nóg ad pæla hann upp i rödum svoleidis: ad á milli 2gia feta breidra, upppældra rada, verdi látnar jafnbreidar óupppældar radir; þetta er ei óliklegt muni hlíta, hvar jardvegur er nockud sendinn. Vid máta þennann er samt athugandi: ad radirnar allar skulu snúa í átt þá, er helst er hætt vid stormum af; verdur þess sídar getid vid sáníngar-adferdina í alplægdann akur, hvörsvegna þessa er vel gætandi.

Ad svo búnu verdur ad hugsa fyrir fræi. þetta gétur nú bædi fengist frá útlöndum, og þess líka stundum, ef sumar- og haust-vedur-átta ei hindrar, ablast hér í landi; innlendt fræ mun útlendu betra fyrir oss, og fæst þannig: í midjum September, í fyrsta lagi, ef sumar hefur verid gott, þokar hér svoköllud-um könglum birkisins, edur fræstreingium til fullkomnunar; þó kann þetta ad dragast til snemma í October, eptir veduráttu og sumargjædum. þá fræid ad líkindum er fullkomid, skal slíta könglana edur fræstreingina af, med höndunum, breida þá á lopt edur lín-klædi, á vindsvölum stad, og láta þá þorna; skédur þetta á 10 til 14 dögum. — Nú skulu könglar þessar gnúnir milli handa sér, og fellur þá fræid nidur á klædid, edur loptid, og geymist til brúkunar. Um Michaelsmessu edur þrem vikum fyrir vetur er sá besti sádtími, og er þá farid til þess ádur tilbúna akurs; í hann skal med tréhæl rista grunnar rákir edur radir, lángs edur þvers eptir akrinum, hvörja rák med 1½ álnar millibili. Rákir edur radir þessar skulu allar snúa í átt þá, er helst er von storma af, svo slík vedur standi á endilánga rödina. I radir þessar skal hér og hvar, med nockru, þó jöfnu, millibili, sá nidur fræinu; ei er skadi þó nockud

þétt sé sád, því plöntur þær er ofþéttar kynnu sídan standa, má hægliga upptaka, og eru þær gódar og hæfilegar til plöntunar; Líka er ei illa tilfallid, ad sádblettirnir standi skacksettir eda á víxl, enn ei öldúngis andspænis hvör móti ödrum, í rákunum, því þannig ödlast skógurinn betra skiól, nær hann í vöxt kémur.

Tvennt er þarhjá vid sádverk þetta athugandi: vedur skal nefuilega vera lygnt og þó döggvandi, og fræid skal sást ofaní rákirnar, hvar madur ádur hefur afmarkad sádholurnar eda sádblettina. Fræid má med sér hafa í litlu íláti og má þad nidursetia, eins og fræ í kálgarda, þó skal varast ad mold ei falli yfir þad. Hentugt væri máské ad blanda fræid deigum sandi smáum, sem med vætu sinni gjæti haldid því vid sig, ad ei fyki í brád burtu, líka má þiappa ofurlítid á moldina hvarí sád er, svo fræid festist þeim mun betur vid hana og ei vid kiælu burtfjúki.

Sá má ogsvo ad vordögum, á akurlendi slíkt, med því: ad seinast þá snjó leisir, sé fræinu dreift hér og hvar um snjóinn; enn — þar leysíngar á vorum optast ské med stormi, edur hvassvedri, og flest akurlönd munu nockud hallandi, af hvörju hid fyrra vill feykia fræinu víds vegar, en hitt olla því, ad fræid flýtur burt med leysíngar-vatninu —

mun rádlegra ad sá á haustum, enn hvör mát-inn sem brúkadur er, koma samt plönturnar upp á sömu tíd.

Vanti gott fræ, svo menn óttist fyrir, ad sáníng ad nockru leiti ei vilji luckast, og ei er kóstur akurlanda, nema í bröttum hlídum, edur mjög svo hallandi holtum og hædum, mun rádlegra ad planta birki; sömuleidis má plönt-un ské ásamt sáníngu, svo ei ónýtist þær of-þétt standandi plöntur, sem ádur er ávikid.

Til plöntunar þurfa gódar plöntur; ablast þeirra best í gródrarstíu af umgyrdtu akur-landi. Akurland þetta sé vandlega upppælt, og medhöndlad eins og ádur er sagt, um sá-níngu á birkifræi. Sádverkid sjálft giörist og med léttri adferd, á hausttíma; þó má sáníng þessi vera nockud þéttari, edur svoleid-is, ad milli hvörrar plöntu sé ætlad hérumbil 1 fet.

Plöntur þær, er þaunig spretta, séu látnar standa, uns þær vaxnar eru, á nockra ára fresti, til rúmlegrar álnar hædar, þá þær mátu-legar eru til plöntunar. Ádur til plöntun-ar kémur, á akurland þad, er í skal plantast, þártil ad undirbúast; skédur þetta med því móti: ad grassvördurin sé uppstúngin í hnau-sa er séu hérumbil 1 fet á hvörn veg. leggist þeir til hlidar og mold úr flaginu upp-

mokud, svoad gryfja verdi hérúm 1 fet á dýpt. Slíka gryfju skal þannig gjöra fyrir hvörja plöntu, med 4 feta millibili, og á verk þetta ad ské hálfum mánudi edur þrem vikum ádur enn plöntun er áqvedin.

Plöntun birkisins skal ské á vorum, þá þeli er leystur úr jördu og ei leingur von frosta edur hardvidra; hún skal einnig ské í hlíenn þó vot-vedri; eru þá plönturnar uppteknar úr akurlandi því, er þær eru ísprottnar, og skédur þetta þannig: med járnspadanum sé allt um kríng plöntuna, og hérum hálft fet á hvörn veg frá henni, grassvördurin pældur eda stúnginn; skal vid ydiu þá skapt spadans hallast ad plöntunni, enn bladid skáhallt frá og nidurá vid, og med því móti losadur jardvegurinn. Þareptir sé med annari hendi tekid um staungul plöntunnar, og undireins og reynt er til, med mestu varúd, ad draga plöntuna upp, skal moldin smátt og smátt losast med spadanum, er haldid sé í hinni höndinni, uns plantann, med slíkum atburdum, næst upp, ásamt rótaraungum hennar öllum, sem mjög er árídandi ei slitni edur merjist.

Þær uppteknu plöntur skulu leggjast á breida fjöl, börur edur stórt trog, yfir rætur þeirra strád fínni moldu og sem fliótast færdar til plöntunar-stadarins; er því rádlegast ei

ad taka fleyri plöntur upp í senn, enn plantadar verda á hálfum, í hid mesta heilum, degi.

Þá komid er til akurlandsins: sé plantan tekin, henni haldid þrádbeint upp með annari hendi, og rót hennar med öllum aungum þannig látin síga, ofaní þá tilbúnu gryfju. Adgiæta skal, ad ángar hennar ei bogni, líka ad plantan sígi ei dýpra nidur, enn því svari, er hún ádur stód í jördu; med hinni hendinni rótist nú hægt og hægt moldin ofaní gryfjuna, og þiappist um kríng rótina uppeptir, og ad endíngu skal sá ádur umtaladi grashnaus, í stycki pældur eda skorinn, leggjast efst og umkring plöntuna og lítid eitt þjappast nidur med fætinum, og er þá hríslan plöntud. Mátulega fast er plantad, haldi plantann linlegn átaki, med annari hendi, því ef ei er svo, er hætt vid ad stormvindar rífi hana upp aptur.

Sé mögulegt: ega plöntur þessar strax ad vökvast med vatni, líkt og gjört er í kálgördum, sömuleidis í þurkum, einkum þá fyrstu tvo mánudi. Þannig sem ofan er mælt, skal hvör planta af annari plantast i akurlandid.

Ad því búnu skal bída nærsta vors; lifi plönturnar þá og séu liklegar til vaxtar, skulu

þær allar med beittum knífi afskérast edur stofnast nidur vid jördina. Adgiæta skal vid ydiu þessa: ad best er ad skáskéra þær, samt ad varast sé, ad merja börk þeirra edur kliúfa stofnin. Af verki þessu flýtur: ad rótin ei einasta þroskast fliótara, heldur og ad húri og stofninn géfa mörg rótarskot, hvaraf hríslan verdur stærri og greina-fleiri. Gott er og, hvar því verdur vidkomid, ad styrkia hinar úngu skógarplöntur, móti vedrum, uppá þann máta, ad stínga nidur med þeim spítum, og ad binda þær þarvid lausliga, þángadtil þær þroskast og af siálfs krapti þola storminn.

Hvört heldur nýr skógur skal vaxa af sáníng eda plöntun, hlýtur um hann ad hyrdast; þarfyrir einkum verjast peníngs-átrodníngi, vatnságángi og skridum sem best verdur. Hann verdur líka ad aukast med nýrri sáníng og plöntun, hvar eydur kunna í hann ad koma, annadhvört af því ad úngvidi útdeji, edur peníngur uppræti þad; einnin er naudsynligt ad spara hann fyrir ómildra hönd-um til hæfiligs aldurs. Ad ödruleiti er þetta, sem flest annad, undir hvörs eins ad-giætni, nærfærni og reynslu komid.

Ad endíngu er öllum þeim, er yrkja vil-ja skóg, tilrádid: ad reyna sáníng og plöntun, jafnódum þeir yrkja skóga sína, þannig: hvört

vor, og allsstadar hvar hríslur rætast, sem vandlega ætti ad ské, skyldu þeir, í þann stad, er sú rætta hrísla stód, planta adra nýa. Líklegt er, ad jardar umrótan sú, er skédur vid þeirrar gömlu hríslu uppræting, sé nægilegur undirbúníngur til plöntunar. Sömuleidis ætti, hvar rætt er, á haustum aptur fræi ad sá, og mun ogsvo sá undirbúníngur til hlýtar. Þessi breytni virdist ei einúngis gjörleg, heldur hin hagqvæmasta og léttasta, undireins og hún máské gjöra mundi þá núverandi skóga, ef svo tala mætti, med forsjállegri notkun ævarandi.

